



Kerhólsskóli óskar eftir að ráða í eftirtaldar stöður.

Afleysingar í ýmis störf 40 - 100% starfshlutfall

- Mötuneyti (þarf að geta eldað fyrir ca. 120 manns)
- Leikskóladeild
- Grunnskóladeild
- Fristund.

Vænst er af öllum umsækjendum:

- Góðrar færni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi, faglegs metnaðar og ábyrgðar
- Sjálfstæði og skipulagðra vinnubragða
- Sveigjanleika og góðrar færni í samskiptum.
- Góðrar íslenskukunnáttu
- Framtakssemi og jákvæðni.
- Vilja til að gera góðan skóla betri.



Æskilegt er að umsækjendur geti byrjað sem fyrst.

Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð.

Kerhólsskóli er sameinaður leik- og grunnskóli með rúmlega 70 nemendum á aldrinum 1. árs upp í 10. bekk. Skólinn er Grænfánaskóli og leggur áherslur á fagleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám, umhverfismennt og útikennslu, list- og verkgreinar. Vakin er athygli á stefnu Grímsnes- og Grafningshrepps um jafnan hlut kynja í störfum hjá sveitarfélaginu. Allir starfsmenn skólans sem eru í 100% vinnu fá tvær hreyfistundir á viku í vinnutíma auka annarra fríðinda.

Nánari upplýsingar gefur Jóna Björg Jónsdóttir skólustjóri og Íris Anna Steinarrsdóttir aðstoðarskólustjóri í síma 480-5520, 863-0463. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til skólustjórnenda, jonabjorg@kerholsskoli.is eða iris@kerholsskoli.is

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið berist fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



Mars 2019

HVATARBLAÐIÐ



Íbúafing 21. mars í Félagsheimilinu Borg

Sveitarstjórn og fastanefndir Grímsnes- og Grafningshrepps bjóða til íbúafings um samfélagsstefnu sveitarfélagsins.

Íbúafingið verður haldið fimmtudagskvöldið

21. mars klukkan 19:30 og standur til 22:30.

Tilgangur þingsins er að leita eftir skoðunum og hugmyndum íbúa varðandi stefnur í fræðslumálum, samgöngu- og umhverfismálum, atvinnumálum og íþrótt-, tómstunda- og lýðheilsuáttum og hafa þær til hliðsjónar við gerð samfélagsstefnunnar.

Þingið fer þannig fram að þátttakendur taka þátt í umræðum á fjórum mismunandi borðum en þar eru annars vegar borðstjóri og hins vegar ritari sem taka niður allar þær upplýsingar sem koma fram. Skipt verður fjórum sinnum á milli borða og gefst því þátttakendum tími til að taka þátt í öllum umræðunum. Nefndirnar vinna svo úr punktunum frá fundinum og búa til stefnur úr því sem síðan mynda saman samfélagsstefnu Grímsnes- og Grafningshrepps.

*Við hvetjum ykkur til að nýta tækifærið til að hafa áhrif á mótun samfélagsins.
Sveitarstjórn og fastanefndir*





FUNDARGERÐ.

449. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 6. febrúar 2019 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Karl Þorkelsson í fjarveru Ásu Valdísar Árnadóttur

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 23. janúar 2019.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 23. janúar 2019 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 170. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 30. janúar 2019.

Mál nr. 8, 9, 10 og 15 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 170. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 30. janúar 2019. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 8: 1901053 - Bjarkarlækur L224049; Byggingar á lóð; Lögðýli; Fyrirspurn.



ÁRTANGI



Mikið úrval af ferskum kryddjurtum

Verið hjartanlega velkomin.

Opið alla virka daga frá 10 - 16



669-0108

694-8405

Frá Búnaðarfélagi Grímsneshrepps

Aðalfundur Búnaðarfélags Grímsneshrepps

verður haldinn á Björk

miðvikudaginn 20. mars kl. 20:00

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.

2. Kaffiveitingar.

3. Önnur mál.



Stjórnin

Íþróttamiðstöðin Borg


Vetraropnun

Mánudaga - fimmtudaga kl. 14-22

Föstudaga **LOKAÐ**

Laugardaga – Sunnudaga kl. 10 -18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.



Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 - 5530

Lögð er fram fyrirspurn Halls Símonarsonar, dags. 21. janúar 2019 um hvort mögulegt sé að gera Bjarkarlæk L224049, ca. 9 hektarar að stærð, að lögbýli. Hugmynd er um að byggja íbúðarhús, gestahús, hesthús og skemmu á lögbýlinu. Landspildan er í gildandi aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 skilgreind sem landbúnaðarland.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og mælist til að fullunnin verði deiliskipulagstillaga fyrir svæðið.

Mál nr. 9: 1901049 - Hólsbraut 16 (L208946); Umsókn um byggingarleyfi; Íbúðarhús með bílgeymslu.

Fyrir liggur umsókn Páls R. Tryggvasonar, dags. 21. janúar 2019 um byggingarleyfi til að byggja íbúðarhús með bílgeymslu 181,2 m² á íbúðarhúsaloðinni Hólsbraut 16 (L208946) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Byggingin mun fara örlítið út fyrir merktan byggingarreit í gildandi deiliskipulagi samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi og bílgeymslu, með fyrirvara um jákvæða niðurstöðu grenndarkynningar skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóða. Ingibjörg Harðardóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Mál nr. 10: 1811056 - Fristundasvæði Öldubbyggð; Svínavatn; Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur beiðni Jóns Ingileifssonar, dags. 26. nóvember 2018 um breytingu á deiliskipulagsskilmálum sumarhúsabyggðar í landi Svínavatns. Óskað er eftir að breyta nýtingarhlutfalli lóða í 0,03. Aukahús/gestahús eða geymsla verði allt að 40m². Þakgerðir og mænisstefnur séu frjálssar. Efnisval húsa sé frjálst. Liður 8. í gildandi greinargerð deiliskipulags fellur út.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi breytingu á gildandi deiliskipulagi í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og að hún verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.

Mál nr. 15: 1901003F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19 – 93.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 23. janúar 2019.

- b) **Fundargerð 58. fundar stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., 30. janúar 2019.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- c) **Fundargerð 3. fundar stjórnar Brunavarna Árnassýslu, 12. nóvember 2018.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- d) **Fundargerð 4. fundar stjórnar Brunavarna Árnassýslu, 31. janúar 2019.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- e) **Fundargerð 1. fundar framkvæmdarráðs Almannavarna Árnassýslu, 18. desember 2018.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Kvöð um forkaupsrétt.

Fyrir liggur kaupsamningur milli hlutaðeigandi aðila um Heiðarbraut 15 (fastanúmer 234-4024) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Í afsali lóðarinnar dags. 1. nóvember 1989 er kveðið á um að Grímsneshreppur eigi forkaupsrétt að lóðinni. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að falla frá forkaupsrétti lóðarinnar og veitir sveitarstjóra, Ingibjörgu Harðardóttir fulla heimild til að tilkynna það sýslumanni fyrir hönd sveitarfélagsins.

4. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um XXXIII. landsþing Sambandsins.

Fyrir liggur bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett 29. janúar 2019 þar sem tilkynnt er að XXXIII. landsþing Sambandsins verði haldið þann 29. mars n.k. á Grand Hótel í Reykjavík.



100 ára, hvað svo?

Málþing um gildi félagasamtaka í samfélögum

9. mars 2019.

Félagsheimilið Borg, Grimsnes- og Grafningshreppi

100 ára, hvað svo? er málþing um gildi frjálsra félagasamtaka í samfélögum í dag, haldið í tilefni 100 ára afmælis Kvenfélags Grimsneshrepps á árinu 2019. Eru frjáls félagasamtök barn síns tíma eða er þörfin fyrir þau jafnmikil í dag og fyrir 100 árum?

Ávarp: Forseti Íslands - Hr. Guðni Th. Jóhannesson

Fundarstjóri er Ketill Berg Magnússon, formaður Almannaheilla.

Dagskrá:

10.15 Húsið opnar, heitt á könnunni

10.30 Setning

Að líða vel í hjartanu - Ingrid Kuhlman, þjálfari, ráðgjafi og framkvæmdastjóri Þekkingarmiðlunar.

Gildi sjálfbærðalíða fyrir samfélag - Helgi Kjartansson, Oddviti Bláskógabyggðar og þátttakandi í ungmenna- og íþróttastarfi í gegnum tíðina.

Kvenfélag í fortíð og framtíð - Guðrún Þórðardóttir, kvenfélagskona og forseti KÍ.


Fjölskyldulíf og virkni í félagsstarfi fer það saman? - Halldóra Hjörleifsdóttir, félagi í björgunarsveit, kvenfélagi og oddviti Hrunamannahrepps.

11.40 Kaffihlé

Hvenær er sœlla að þiggja en gefa? - Anna María Snorraddóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Þallborðsumræður

13.00 Málþingi slitið



Allir velkomnir! Aðgangur ókeypis.

5. Samkomulag um kjarasamningsumboð.

Fyrir liggur samkomulag milli sveitarfélagsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um fullnaðarumboð til kjarasamningsgerðar við þau stéttarfélög sem tilgreind eru í samkomulaginu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi samkomulag og felur sveitarstjóra að undirrita það fyrir hönd sveitarfélagsins.

6. Bréf frá Betzy Ósk Hilmarsdóttur f.h. Sveins Ívarssonar og Önnu S. Guðmundsdóttur vegna skipulags lóða við Skyggnisbraut 2a og 2b.

Fyrir liggur bréf frá Betzy Ósk Hilmarsdóttur, lögmanni f.h. Sveins Ívarssonar og Önnu S. Guðmundsdóttur, dagsett 18. janúar 2019 vegna skipulags lóða þeirra við Skyggnisbraut 2a og 2b. Jafnframt er lagt fram svarbréf lögmanns sveitarfélagsins, Óskars Sigurðssonar hrl.

Fyrirliggjandi bréf lagt fram og staðfestir sveitarstjórn svarbréf Óskars Sigurðssonar hrl.

7. Tölvupóstur frá Ólöfu Harðardóttur f.h. úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þar sem tilkynnt er um kæru vegna ákvörðunar sveitarstjórnar um skráningu sumarhúss að Kerhrauni C103/104.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Ólöfu Harðardóttur f.h. úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 30. janúar 2019 þar sem tilkynnt er um kæru vegna ákvörðunar sveitarstjórnar um skráningu sumarhúss að Kerhrauni C103/104.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl. að gæta hagsmuna sveitarfélagsins.

8. Bréf frá Steinunni V. Óskarsdóttur og Sigrúnu B. Einarisdóttur f.h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðaherra þar sem kynnt er útgáfa Áfangastaðaaætlunar Suðurlands.

Fyrir liggur bréf frá Steinunni V. Óskarsdóttur og Sigrúnu B.

Einarsdóttur f.h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðaherra, dagsett 25. janúar 2019 þar sem kynnt er útgáfa Áfangastaðaáætlunar Suðurlands. Einnig er lagt fram innbundið eintak af Áfangastaðaáætluninni.

Lagt fram til kynningar.

9. **Bréf frá Guðmundi D. Haraldssyni f.h. stjórnar Öldu, félags um sjálfbærni og lýðræði þar sem kynnt er ráðgjöf um styttingu vinnuvikunnar og eflingu lýðræðisins.**

Fyrir liggur bréf frá Guðmundi D. Haraldssyni f.h. stjórnar Öldu, félags um sjálfbærni og lýðræði þar sem kynnt er ráðgjöf um styttingu vinnuvikunnar og eflingu lýðræðisins.

Bréfið lagt fram til kynningar.

10. **Bréf frá Hermann Sæmundssyni og Ólafi Kr. Hjörleifssyni f.h. samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis þar sem því er beint til sveitarstjórnar að fara eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga um bindandi áhrif fjárhagsáætlunar.**

Fyrir liggur bréf frá Hermann Sæmundssyni og Ólafi Kr. Hjörleifssyni f.h. samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dagsett 21. janúar 2019 þar sem því er beint til sveitarstjórnar að fara eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga um bindandi áhrif fjárhagsáætlunar við fjármálastjórn sveitarfélagsins.

Bréfið lagt fram til kynningar.

11. **Afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands þar sem kynnt er breytt fasteignamat eigna að Háagerði lóð, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Fyrir liggur afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands til eiganda eigna að Háagerði lóð, dagsett 17. janúar 2019 þar sem kynnt er breytt fasteignamat eignarinnar. Bréfið lagt fram til kynningar.

12. **Bréf frá forsætisráðherra, Katrínu Jakobsdóttur þar sem sveitarfélög er hvött til að kynna sér heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna og til að senda fulltrúa á kynningarfund þann 15. febrúar n.k.**

Eldri borgarar í Grímsnes– og Grafningshreppi

Dagskrá í mars

Þriðjudagur 5. mars 11:00 – 12:00
Íþróttasalur og tækjasalur opinn

Þriðjudagur 5. mars 12:30 – 15:00
Samvera á bókasafninu og kynning á fyrirhugaðri dvöl eldri borgara á hóteli

Fimmtudagur 7. mars 11:00 – 12:00 og 13:00 -14:00
Sundlaug og tækjasalur opinn
14:00 - 15:00 Guðrún Ása íþróttakennari verður á staðnum til að svara spurningum

Þriðjudagur 12. mars 11:00 – 12:00
Íþróttasalur og tækjasalur opinn

Fimmtudagur 14. mars 11:00 – 12:00 og 13:00 -14:00
Sundlaug og tækjasalur opinn

Þriðjudagur 19. mars 11:00 – 12:00
Íþróttasalur og tækjasalur opinn
Þriðjudagur 19. mars 12:30 – 15:00
Samvera á bókasafninu



Eldri borgarar í Grímsnes- og Grafningshreppi

Allir eldri borgarar með lögheimili í sveitarfélaginu eru velkomnir í gjaldfrjálsan mat í mötuneyti Kerhólsskóla. Hádegisverður hefst klukkan 12:00 og er í boði alla virka daga.

Jafnframt verður opið sérstaklega fyrir eldri borgara sveitarfélagsins í íþróttamiðstöð og er tilvalið að nýta sér aðstöðuna í íþróttamiðstöðinni samhliða því að mæta í mat.

Annan hvern þriðjudag í mars verður samverustund á bókasafninu þar sem hægt verður að hittast, spjalla saman, fá lánaðar bækur og ræða daginn og veginn yfir kaffibolla.



Fyrir liggur bréf frá forsætisráðherra, Katrínu Jakobsdóttur, dagsett 28. janúar 2019 þar sem sveitarfélög er hvött til að kynna sér heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna og til að senda fulltrúa á kynningarfund þann 15. febrúar n.k.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að kjörnir fulltrúar hafi tök á að fara á kynningarfundinn.

- 13. Tölvupóstur frá Vali R. Halldórssyni sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem sveitarstjórnir eru hvattar til að taka afstöðu til frumvarps til laga um breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 356. mál.**

Fyrir liggur tölvupóstur frá Vali R. Halldórssyni sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 1. febrúar 2019 þar sem sveitarstjórnir eru hvattar til að taka afstöðu til frumvarps til laga um breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 356. mál.

Tölvupósturinn lagður fram til kynningar.

- 14. Beiðni Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 356. mál.**

Fyrir liggur beiðni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 356. mál.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

- 15. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi, 274. mál.**

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

- 16. Birt til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti drög að frumvarpi til laga um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta.**

Fyrir liggur að birt er til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti drög að frumvarpi til laga um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

Til kynningar

- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands.
Fundargerð 193. stjórnarfundar 23.01 2019.
- ✓ SASS. Fundargerð 542. stjórnarfundar 11.01 2019.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 867. stjórnarfundar, 25.01 2019.
- ✓ Velferðarvaktin. Stöðuskýrsla 2017 – 2018.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:20



Starfsfólk óskast til starfa við Íþróttamiðstöðina Borg.

Vantar starfsfólk í sumarstörf í 100% stöðu.
Aðeins 18 ára og eldri koma til greina.
Umsóknum skal skila til forstöðumanns
Íþróttamiðstöðvarinnar á Borg.
Umsóknarfrestur er til 10. apríl 2018.

Nánari upplýsingar gefur Rut Guðmundsdóttir

Netfang: rut@gogg.is eða
í síma 899-8841 og 480-5530.



HESTAMANNAFÉLAGIÐ TRAUSTI



Krágáta Trausta 2019

Að loknum aðalfundi Hestamannafélagsins verður haldin krágáta (pub-quiz) í Félagsheimilinu Borg í Grímsnesi föstudaginn 29. mars n.k. kl. 20:30.

Vonumst til að sjá sem flesta félaga sem og aðra, koma og slá á léttu strengi með okkur.

Nefndin.



Sýnt í Félagsheimilinu Árnesi



Aðalfundur Hestamannafélagsins Trausta í Grímsnesi, Laugardal, Þingvallasveit og Grafningi fyrir árið 2018, verður haldinn í Félagsheimilinu Borg í Grímsnesi föstudaginn 29. mars n.k. kl. 20:00.

Dagskrá aðalfundar er, samkvæmt lögum félagsins, eftirfarandi:

- 1. Kosnir fastir starfsmenn fundarins*
- 2. Skýrsla stjórnar*
- 3. Framlagðir endurskoðaðir reikningar fyrir síðastliðið ár.*
- 4. Nefndir gefa skýrslu.*
- 5. Umræður um skýrslu stjórnar, reikninga og afgreiðsla reikninga.*
- 6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.*
- 7. Lagabreytingar*
- 8. Aðrar tillögur til afgreiðslu á fundinum*
- 9. Kosning stjórnar og varastjórnar*
- 10. Kosning tveggja endurskoðenda og varaendurskoðenda*
- 11. Fundargerð, tekin afstaða til lestrar eða annarar afgreiðslu.*
- 12. Önnur mál.*

Hermann Arnason ætlar að flytja erindi um ferðalög sín um landið á undanförunum árum, svokallaða Stjörnureið og undirbúninginn fyrir hana.

Aðalfundurinn getur með 2/3 greiddra atkvæða viðstaddra leyft að taka fyrir mál, sem komið er fram, eftir að dagskrá fundarins var auglýst.

*Léttar veitingar í boði félagsins
Kveðja, Stjórn Trausta.*



450. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 20. febrúar 2019 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 6. febrúar 2019.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 6. febrúar 2019 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 76. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 5. febrúar 2019.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 76. fundargerð fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 5. febrúar 2019. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Skóladagatal 2019-2020, fyrsta umræða.

Fræðslunefnd óskar eftir afstöðu sveitarstjórnar til jóralokunar leikskóladeildar og skólaslita grunnskóladeildar skólaárið 2019-2020. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að leikskóladeild Kerhólsskóla skuli vera opin alla virka daga um jól, páska og vetrarfrí. Leikskólagjöld verða felld niður vegna virkra daga milli jóla og nýárs og í dymbilviku vegna barna sem ekki sækja leikskóla á þeim tíma enda hafi foreldrar sótt um niðurfellingu, á þar til gerðu eyðublaði eigi síðar en 1. desember 2019 og 13. mars 2020. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að heimilt verði að hafa tvo vetrarfrídaga í grunnskóladeild fyrir áramót 2019-2020 og þar með verða ekki skólaslit fyrr en í byrjun júní.

b) Fundargerð 12. fundar ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps, 18. febrúar 2019.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 12. fundargerð ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 18. febrúar 2019. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;


Mál nr. 2: Beiðni um styrk vegna dagskrár í vetrarfrí grunnskólans.

Ungmennaráð mun taka þátt í skipulagningu og framkvæmd dagskrár í vetrarfrí grunnskóladeildar Kerhólsskóla í samvinnu við tómstunda- og félagsmálafulltrúa. Verið er að skipuleggja ferð í Bláffjöll líkt og gert hefur verið undanfarin ár, til vara (ef lokað er í Bláffjöllum) verður farið á skauta í Reykjavík. Áætlað er að farið verði með rútu og óskar ungmennaráð eftir styrk frá sveitarfélagi til greiðslu á rúttunni. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að rútan verði greidd.

c) Fundargerð 171. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 13. febrúar 2019.

Mál nr. 13, 14, 15, 16, 17, 18 og 23 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 171. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 13. febrúar 2019. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;



Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642

Vetraropnun

**Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl**

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladað – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMLISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**



**Tökum að okkur
STÓR og smá verk:**

**jarðvinnu - tætingu -
snjómokstur -
bílaflutninga,
jarðheflun &
fólksflutninga.**

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Öll almenn lögræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506

siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson hdl. S: 662-4422

sverrir@landlogmenn.is

Land
LÖGMENN

Austurvegi 6, 800 Selfoss

**Mál nr. 13: 1902012 - Freyjustígur 13 L206226; Ásgarður;
Skilmálum varðandi byggingarefni húsa innan svæðis breytt;
Deiliskipulagsbreyting.**

Lögð fram fyrirspurn Söndru Yunhong She um hvort heimilt verði að gera breytingu á skilmálum gildandi deiliskipulags fristundabyggðar Búgarðs í landi Ásgarðs Hluti III, Grímsnes- og Grafningshreppi. Óskað er eftir að gerð verði breyting á lið 3 í greinargerð/skilmálum undir grein um "Húsagerðir og byggingarlag", að í stað kröfu um að byggingarefni húsa sé timburhús, verði byggingarefni húsa gefin frjálst.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirleggjandi breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.

**Mál nr. 14: 1902008 - Mýrarkot lóð L169228; Bræðraborg;
Breytt heiti lóðar.**

Fyrir liggur umsókn Bjarkar Baldursdóttur, dags. 4. febrúar 2019 um breytingu á heiti landeignarinnar Mýrarkot lóð L169228 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Óskað er eftir að landið fái heitið Bræðraborg. Skv. landeiganda þá voru fyrri eigendur bræður og nefndu landeignina þessu nafni.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og felur skipulagsfulltrúa að ræða við umsækjanda þar sem við skoðun málsins kom í ljós að mannvirki innan skipulagssvæðis er ekki í samræmi við núgildandi deiliskipulag.

**Mál nr. 15: 1701063 - Tjarnholtsmýri 1-15 (oddatalur);
Bjarnastaðir 1; Breytt notkun lóða; Deiliskipulagsbreyting.**

Lögð fram að nýju að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 deiliskipulagstillaga að endurskoðun deiliskipulags lóða við Tjarnholtsmýri úr landi Bjarnastaða með vísun í fyrra erindi þar sem óskað var eftir að lóðunum verði breytt í smábýli. Er svæðið í gildandi aðalskipulagi skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Tillagan var auglýst í mars 2018, en auglýst að nýju frá 19. desember 2018 til 30. janúar 2019, eftir að Vegagerðin hafði farið fram á að vegtengingum inn á svæðið yrði fækkað. Lóðarhafar Tjarnholtsmýri 7 og 9 hafa gert athugasemdir við tillögunar og einnig lóðarhafi á lóð nr. 5.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og mælist til að hönnuður og skipulagsfulltrúi óski eftir fundi með Vegagerðinni til að leita lausna á vegtengingum inn á Tjarnarholtsmýrarlóðirnar.

Mál nr. 16: 1902018 - Vindmastur á Mosfellsheiði; Tímabundin uppsetning; Framkvæmdaleyfi.

Fyrir liggur umsókn frá Katli Sigurjónssyni f.h. Zephyr Iceland ehf. um framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðrar uppsetningar á 80m háu vindmælingarmastri í þjóðlendu, nánar tiltekið á Mosfellsheiði, Grímsnes-og Grafningshreppi. Óskað er eftir að framkvæmdaleyfið sé gefið út til eins árs vegna tilraunavindmælinga á heiðinni.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða í samráði við skipulags- og byggingarfulltrúa að byggingarfulltrúi skuli gefa út byggingarleyfi fyrir vindmælingarmastri í samræmi við 2. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 í stað framkvæmdaleyfis. Það virðist vera skýrari afstaða tekin til byggingu mastra í mannvirkjalögum fremur en í reglugerð 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Mannvirkjastofnun hefur gefið út leiðbeiningarblað þar sem möstur eru sérstaklega tilgreind sem byggingarleyfis skyld framkvæmd. Byggingarleyfi skal gefið út til 12-15 mánaða og miðast við að tilraunaverkefnið standi ekki lengur.

Mál nr. 17: 1902024 - Jónslaut 1 L202405; Nesjar L170824; Afmörkun og breytt stærð lóðar.

Fyrir liggur umsókn Einars S. Ingólfssonar, dags. 19. janúar 2019 um staðfestingu á afmörkun og breytingu á stærð lóðarinnar Jónslaut 1 skv. meðfylgjandi lóðablaði. Stærð lóðar breytist úr 10.000 m² sem er skv. samþykktu deiliskipulagi í 10.989 m² skv. nákvæmari mælingu á nýjum tölvugrunni. Þá er óskað eftir að ekki verði gerð athugasemd við landskipti skv. 13. gr. jarðarlaga. Fyrir liggur samþykki landeigenda upprunalsins, lóðarhafa Jónslautar 1, ásamt samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóða á hnitsetningu lóðamarka á þegar samþykktum lóðablöðum fyrir Nesjar Uglukot L170912 og Hestvíkurveg 2 L170891.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afmörkun og breytingu á skráningu lóðarinnar miðað við fyrirbyggjandi gögn og ekki eru gerðar athugasemdir við landsskiptin skv. 13. gr. jarðalaga.



Málþing um gildi frjálsra félagasamtaka í samfélögum í dag,

haldið í tilefni 100 ára afmæli Kvenfélags Grímsneshrepps á árinu 2019.

Eru frjáls félagasamtök barns síns tíma eða er þörfin fyrir þau jafn mikil í dag og fyrir 100 árum? Þessari spurningu verður velt upp á málþinginu, fá umræðu og leitumst við til að svara henni.

Málþingið hefst með morgunkaffi kl 10.00

Erindi flytja:

****Ingrid Khulman, þjálfari, ráðgjafi og framkvæmdastjóri**

Þekkingarmiðlunar

Erindi: "Að líða vel í hjartanu"

****Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógarbyggðar og þáttakandi í ungmenna- og íþróttastarfi í gegnum tíðina**
Erindi: "Gildi sjálfbóðaliða fyrir samfélög."

****Guðrún Þórðardóttir, forseti Kvenfélagasambands Íslands**
Erindi: "Kvenfélög í fortíð og framtíð."

****Halldóra Hjörleifsdóttir, björgunarsveitarkona, kvenfélagskona og oddviti Hrunamannahrepps svo að dæmi séu nefnd**
Erindi: "Fjölskyldulíf og virkni í félagsstarfi fer það saman?"

****Anna María Snorradóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands**
Erindi: Hvenær er sælla að þiggja en gefa?

Fundarstjóri: Ketill Berg Magnússon, formaður Almannaheilla

Málþingið er opið öllum.

Málþingið er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands.

Leikfélagið Borg
sýnir gamansöngleikinn

Rjúkandi ráð

Höf: Þýr O. Man
Tónlist eftir Jón Múla Arnason
Leikstjóri: Hera Fjörð



Sýnt í Félagsheimilinu Borg
Kl: 20:00

Laugardaginn 2. mars
Fimmtudaginn 7. mars
Föstudaginn 8. mars
Föstudaginn 15. mars
Laugardaginn 16. mars
Sunnudaginn 17. mars
Föstudaginn 22. mars &
Laugardaginn 23 mars





Miðapantanir í síma 7714465
Miðaverð kr. 2.500, & 1.500,- fyrir 12 ára og yngri

 Leikfélagið Borg

Mál nr. 18: 1812034 - Kattargil 8 (L170908); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús – viðbygging.

Fyrir liggur umsókn Liv Bergþórsdóttur og Sverris Viðars Haukssonar um stækkun á núverandi sumarhúsi í landi Nesja á lóðinni Kattargil 8. Ekki liggur fyrir gildandi deiliskipulag á svæðinu. Áform eru um að sumarhúsið verði á tveimur hæðum.

Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að ræða við umsækjanda þar sem svæðið er á aðalskipulagi sem landbúnaðarland og ekki liggur fyrir deiliskipulag á svæðinu.

Mál nr. 23: 1902001F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19 – 94.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. febrúar 2019.

d) Fundargerð 3. fundar stjórnar Laugaráslæknishéraðs, 11. desember 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð opins fundar vegna reksturs Seyrustaða á Flúðum, 30. janúar 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 15. fundar Héraðsnefndar Árnesinga bs., 11. febrúar 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 191. fundar fagraðs Tónlistarskóla Árnesinga, 11. febrúar 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð 34. stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, 16. nóvember 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Fundargerð 35. stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga,
1. febrúar 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 136/2017 þar sem kærð var ákvörðun sveitarstjórnar um synjum á sameiningu tveggja lóða úr landi Villingavatns, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur úrskurður frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 136/2017 þar sem kærð var ákvörðun sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 18. október 2017 um að hafna sameiningu tveggja lóða úr landi Villingavatns. Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar er að kröfu kærenda var hafnað. Lagt fram til kynningar.

4. Bréf frá fulltrúa Þjóðskrár Íslands, Birtu A. Bjarnadóttur þar sem óskað er afstöðu sveitarstjórnar á misræmi skráninga í fasteignaskrá/húsaskrá.

Lögð fram að nýju bréfi frá Birtu Austmann Bjarnadóttur f.h. Þjóðskrár Íslands, dagsett 25. október 2018 og 30. október 2018 þar sem óskað er eftir að sveitarstjórn taki afstöðu á misræmi skráninga í fasteignaskrá/húsaskrá. Afgreiðslu málanna var frestað á fundi sveitarstjórnar þann 7. nóvember s.l. og oddvita/sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu. Haft hefur verið samband við þá sem málið snertir og fundin lausn fyrir hvern og einn. Oddvita/sveitarstjóra falið að senda umræddar upplýsingar til skráningar hjá Umhverfis- og tæknisviði uppsveita bs.

5. Bréf frá Hannesi Lárussyni f.h. íslenska bæjarins ehf. þar sem óskað er eftir stuðningi við uppbyggingu og nýtingu eignarlóðar að Laxabakka við Sogið.

Fyrir liggur bréf frá Hannesi Lárussyni f.h. íslenska bæjarins ehf., dagsett 14. febrúar 2019 þar sem óskað er eftir stuðningi við uppbyggingu og nýtingu eignarlóðar að Laxabakka við Sogið. Afgreiðslu málsins frestað og oddvita falið að vinna málið áfram.



Kynningarfundur um breytingar á sorpmálum

Nú í mars hefst söfnun á lífrænum úrgangi í sveitarfélaginu og af því tilefni boðar sveitarstjórn til fundar miðvikudagskvöldið **6. mars klukkan 20:00 í Félagsheimilinu Borg.**

Farið verður yfir breytingar á sorpmálum í sveitarfélaginu ásamt því að fulltrúi frá Gámaþjónustunni verður á svæðinu m.a. með vörur tengdum flokkun.

Sveitarstjórn





Brúntunnan kemur til þín

Víkuna 11.-15. mars verða keyrðar út lífrænar söfnunartunnur á öll heimili í sveitarfélaginu.

Öll heimili fá svokallaða brúntunnu, sem er 240 l grá tunna með brúnu loki en í hana á að safna öllum lífrænum úrgangi sem til fellur á heimilinu. Jafnframt stendur íbúum til boða að fá límmiða til að merkja hverja 240 l tunnu. Fyrsta losun á lífrænu tunnunum er áætluð í byrjun apríl og svo á 3ja vikna fresti þaðan í frá. Brún- og grátunnan verða losaðar á 3ja vikna fresti og blá- og græntunnan verða losaðar áfram á 6 vikna fresti.



Samhliða því hefur sveitarfélagið ákveðið að afhenda öllum heimilum 8 l ílát þeim að kostnaðarlausu. Þessi ílát eru ætluð til þess að safna lífrænum úrgangi í innanhúss. Þá verður öllum heimilum einnig afhentar 3 rúllur af máispokum til að safna lífræna úrganginum í, en ekki má setja lífræna úrganginn í venjulegum plastpokum í brúntunnuna. 8 l máispokarnir verða svo í kjölfarið til sölu í sundlauginni á Borg.



Hægt verður að afpakka brúntunnuna og 8 l ílátin en þá verða íbúar að geta afsetti lífræna úrganginn með ábyrgum hætti. Þau heimili sem afpakka brúntunnuna þurfa að senda tölvupóst á netfangið oddviti@gogg.is

6. **Bréf frá Einari Þ. Eyjólfssyni, verkefnisstjóra Íbúðalánasjóðs þar sem minnt er á að húsnæðisáætlunum sveitarfélaga skuli vera skilað eigi síðar en 1. mars.**

Fyrir liggur bréf frá Einari Þ. Eyjólfssyni, verkefnisstjóra Íbúðalánasjóðs þar sem minnt er á að húsnæðisáætlunum sveitarfélaga skuli vera skilað eigi síðar en 1. mars. Bréfið lagt fram til kynningar.

7. **Annáll ferðamálafulltrúa Uppsveita Árnessýslu.**

Fyrir liggur annáll frá ferðamálafulltrúa Uppsveita Árnessýslu, Asborgu Arnþórsdóttur um störf sín á árinu 2018. Annállinn lagður fram til kynningar.

8. **Tölvupóstur frá Þórði F. Sigurðssyni, sviðsstjóra þróunarsviðs SASS þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa á samráðsvettvang Sónaráætlunar Suðurlands 2020-2024.**

Fyrir liggur tölvupóstur frá Þórði F. Sigurðssyni, sviðsstjóra þróunarsviðs SASS, dags. 15. febrúar 2019 þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa á samráðsvettvang Sónaráætlunar Suðurlands 2020-2024. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Ása Valdís Árnadóttir, Björn Kristinn Pálmarsson, Steinar Sigurjónsson og Smári Bergmann Kolbeinsson verði fulltrúar sveitarfélagsins.

9. **Tölvupóstur frá Óttari Guðjónssyni f.h. kjörnefndar Lánasjóðs sveitarfélaga þar sem auglýst er eftir framboðum til stjórnar Lánasjóðsins.**

Fyrir liggur tölvupóstur frá Óttari Guðjónssyni f.h. kjörnefndar Lánasjóðs sveitarfélaga, dags. 11. febrúar 2019 þar sem auglýst er eftir framboðum til stjórnar Lánasjóðsins. Tölvupósturinn lagður fram til kynningar.

10. **Tölvupóstur frá Birni Inga Jónssyni, verkefnisstjóra Almannaþingis á Suðurlandi þar sem farið er yfir með hvaða hætti sveitarfélagið getur nýtt sér æfingu almannaþingis í lok febrúar.**

Fyrir liggur tölvupóstur frá Birni Inga Jónssyni, verkefnisstjóra Almannafræðis á Suðurlandi, dags. 12. febrúar 2019 þar sem farið er yfir með hvaða hætti sveitarfélagið getur nýtt sér æfingu almannafræðis í lok febrúar. Tölvupósturinn lagður fram til kynningar.

11. Bréf frá Þuríði Hörpu Sigurðardóttur, formanni Öryrkjabandalags Íslands þar sem óskað er eftir upplýsingum um notendaráð fatlaðs fólks.

Fyrir liggur bréf frá Þuríði Hörpu Sigurðardóttur, formanni Öryrkjabandalags Íslands, dagsett 12. febrúar 2019 þar sem óskað er eftir upplýsingum um notendaráð fatlaðs fólks.

Á þjónustusvæði málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi – Bergrisanum er starfrækt notendaráð sem í sitja 6 einstaklingar allir með þroskahömlun. Þeir sem sitja í notendaráðinu fóru á námskeið hjá Fræðslunetinu og heldur starfsmaður hjá fræðslunetinu utan um starf notendaráðs. Notendaráðið gefur álit sitt á allri stefnumótun um málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi ásamt því að taka upp mál að eigin frumkvæði. Á þjónustusvæðinu er einnig starfræktur samstarfshópur sem í sitja þrír sveitastjórnarmenn sem kosnir voru á aðalfundi Bergrisans og aðilar frá hagsmunasamtökum fatlaðs fólks á Suðurlandi.

Óskað hefur verið eftir tilnefningu hagsmunaaðila í samstarfshópinn en þær hafa ekki enn borist.

12. Birt til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti drög að reglum um sérkröfur til skólabifreiða.

Fyrir liggur að birt er til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti drög að reglum um sérkröfur til skólabifreiða. Drögin lögð fram til kynningar.

13. Birt til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti drög að stefnu í almenningssamgöngum.

Fyrir liggur að birt er til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti drög að stefnu í almenningssamgöngum. Stefnan lögð fram til kynningar.



Hagyrðingakvöld og söngur

Karлакór Hreppamanna stendur fyrir hagyrðingakvöldi í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum 16. mars kl 20:00

Þar munu leiða saman hesta sína kunnir hagyrðingar af norður- og suðurlandi.

Lið sunnlendinga skipa þeir Sigurjón Jónsson, Magnús Halldórsson og Gylfi Þorkelsson hirðskáld Karлакórs Hreppamanna.

Lið norðanmanna skipa þeir Pétur Pétursson, Jóhannes Sigfússon og Reynir Hjartarson. Með norðanmönnum kemur einnig Birgir Sveinbjörnsson sem stýra mun samkomunni.

Sérstakir gestir eru Karлакór Kjalnesinga og aldrei að vita nema þar leynist hagyrðingar sem leggja munu orð í belg.

Léttar veitingar á barnum á viðráðanlegu verði. Miðaverð 2500 – frítt fyrir 67 ára og eldri.

Aðalfundur UMF Hvatar verður haldinn í Félagsheimilinu Borg sunnudaginn 24. mars klukkan 13:00.

Skýrsla formanns

1. Síðasta fundagerð lesin upp.
2. Ársreikningur.
3. Lagabreytingar.
4. Inntaka nýrra félaga.
5. Kosning stjórnar.
6. Önnur mál.

Stjórnin stefnir á að endurskoða lög félagsins og mun birta lögin á síðu félagsins þegar nær dregur fundinum þannig að félagar geti þá einnig lesið þau yfir og komið með breytingartillögum ef einhverjar eru.

Eftir fundarslit verður páskaeggjaleit fyrir þau börn sem MÆTA á aðalfundinn.

Stjórn UMF Hvatar

Laugdælir heimsóttu blakæfingu hjá Hvöt á dögnum.



14. Birt frá Forsætisráðuneyti stefna um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum.

Fyrir liggur að birt er frá Forsætisráðuneytinu stefna um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum. Stefnan lögð fram til kynningar.

15. Beiðni Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 356. mál.

Fyrir liggur beiðni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 356. mál.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps styður ekki við frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur).

Sveitarstjórn telur ekki rétt að aðskilja kosningarétt og kjörgengi og telur því að kosningaréttur og kjörgengi eigi að fylgja sjálfræðisaldri og kosningaaldur verði því áfram 18 ár við sveitarstjórnarkosningar eins og verið hefur. Vissulega vill sveitarstjórn styðja við lýðræðisþátttöku ungs fólks og telur að slíkt þurfi að byrja með aukinni fræðslu í elstu deildum grunnskóla þar sem að ungmennum er veitt fræðsla meðal annars um stjórnsýsluna. Einnig þarf að gera Ungmennaráð að fastanefndum hjá öllum sveitarfélögum og hvetja til þess að ungmenni séu einnig höfð í huga þegar valið er í aðrar fastanefndir sveitarfélaga þannig að rödd ungs fólks heyrist þegar verið er að fjalla um málefni samfélagsins. Með slíkum breytingum er ungu fólki veitt aukið tækifæri til að hafa áhrif á samfélagið sem virkir og ábyrgir þátttakendur.

16. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra (Framkvæmdasjóður aldraðra), 306. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

17. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu til ársins 2030, 509. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

18. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (stofnanir á málavíði félags- og barnamálaráðherra), 495. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

Til kynningar

- ✓ SASS. Fundargerð 543. stjórnarfundar 01.02.2019.
- ✓ Kvenfélag Grímsneshrepps, ársreikningur og ársskýrsla 2018.
- ✓ Umboðsmaður barna, niðurstöður könnunar meðal sveitarfélaga um vinnuskóla fyrir ungmenni.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:35

AÐ GEFNU TILEFNI !

Vertu góður hundaeigandi & nágranni og hirtu upp skítinn eftir hundinn þinn :)

Hann getur það ekki sjálfur !

Mikið hefur borið á því á Borgarsvæðinu undanfarið að fólk hirðir ekki upp eftir hundana sína og börn og fullorðnir því stígandi í skítinn og berandi inn í hús með miður skemmtilegri ólykt og tilheyrandi :(



Breytingar á flokkun í Grímsnes- og Grafningshreppi

Það er mér sönn ánægja að tilkynna að núna í mars hefst flokkun á lífrænum úrgangi hér í Grímsnes- og Grafningshreppi og hefur sveitarstjórn af því tilefni boðað til kynningarfundar þann 6. mars næstkomandi. Vissulega stefndi sveitarfélagið í átt að bættari flokkun en ákvörðun Sorpu bs. um að taka ekki lengur við úrgangi frá Suðurlandi flýtti þessari vegferð. Eins og staðan er í dag þá stefnir að óbreyttu í útflutning á sorpi til brennslu, sem mun kosta sveitarfélagið talsverða fjármuni og því er nauðsynlegt að minnka það sorp sem þarf að flytja út.

Við þessa auknu flokkun verða fjórar tunnur við hvert heimili í sveitarfélaginu; brúntunna fyrir lífrænan úrgang, grátunna fyrir almennan úrgang, blátunna fyrir pappír og pappa og græntunna fyrir plast. Brúntunna og grátunna verða tæmdar á 3ja vikna fresti og blátunna og græntunna á 6 vikna fresti eins og verið hefur. Það er hagur okkar allra að vel takist til með alla flokkun á sorpi, en með því móti er hægt að halda niðri kostnaði í þessum málaflokki þar sem greitt er fyrir hvert kíló af úrgangi sem flutt er úr sveitarfélaginu. Við tökumst því á við þetta verkefni af fullum krafti og viljum samhliða flokkun á lífrænum úrgangi hvetja fólk til að ganga lengra og flokka einnig mál og gler sér sem síðan er skilað í þar til gerða gáma á gámasvæðinu Seyðishólum.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á sorphirðugjöldum né á sorpeyðingargjöldum að svo stöddu heldur mun sveitarsjóður taka þann kostnað á sig.

Bæklingur með leiðbeiningum um hvern úrgangsflokk fyrir sig verður á næstu vikum sendur inn á öll heimili og í fyrirtæki.

Ég vona að fasteignaeigendur og fyrirtæki taki þessum breytingum vel og verði fljót að tileinka sér þá breytingu sem fram undan er. Með samstilltu átaki getum við náð góðum árangri en aukin flokkun er hagur okkar allra bæði fjárhags- og umhverfislega séð.

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti

